

# Galatabréfið

Útskýringar sem byggðar eru á Torah og hebresku samhengi fyrstu aldarinnar.

Eftir Avi ben Mordechai © 2005-2006 Millennium 7000 Communications. Allur réttur áskilinn.  
Íslensk þýðing: Sigrún Einaradóttir - [www.torah.is](http://www.torah.is)  
Birt með leyfi höfundar - [www.m7000.com](http://www.m7000.com)


## 14. þáttur af 18

**Frjáls kona fyrir ofan**



YHWH mun gjöra þig að höfði og eigi að hala, og þú skalt stöðugt stíga upp á við, en aldrei færast niður á við, ef þú hlýðir skipunum YHWH Elóhíms þíns, þeim er ég legg fyrir þig í dag, til þess að þú varðveitir þær og breytir eftir þeim. (5. Mós. 28.13, úr 28.1-14)

**Ambátt fyrir neðan**



...Kom og gjör oss guð, er fyrir oss fari, því að vér vitum ekki, hvað af þessum Móse er orðið, mannum, er leiddi oss burt af Egyptalandi. (2. Mós 32.1)

Synir þínir og dætur munu seldar verða í hendur annarri þjóð, og augu þín skulu horfa á það og daprast af þrá eftir þeim allan daginn, en þú skalt eigi fá að gjört.

...af því að þú hlýddir ekki raustu YHWH Elóhíms þíns, að varðveita skipanir hans og lög, þau er hann fyrir þig lagði. (5. Mós. 28.32 og 45, úr 28.15-68)

2. Mósebók 20.3 Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig. (Þú skalt ekki hafa aðra Elóhím frammi fyrir augliti mínu.)

### Skjámynd:

Galatabréfið 4.25 en Hagar merkir Sínaí fjall í Arabíu og gefst upp fyrir þessari Jerúsalem sem nú er í ánaúð ásamt börnum sínum.

# Holdið

Sará við Abraham varðandi Hagar...

**„Gakk því inn til ambáttar minnar, vera má að hún afli mér afkvæmis.“**

Fólkið við Aron við Sínaí fjall...

**„Kom og gjör oss guð, er fyrir oss fari, því að vér vitum ekki, hvað af þessum Móse er orðið, manningum, er leiddi oss burt af Egyptalandi.“**

Rabbínarnir/farísearnir...

**„...allt sem þeir (rabbínarnir) tilskipa þér, skaltu gera!“**

Matt. 15.6-9 Þér ógildið orð Guðs með erfikenning yðar. Hræsnarar, sannspár var Jesaja um yður, er hann segir: Lýður þessi heiðrar mig með vörunum, en hjarta þeirra er langt frá mér. Til einskis dýrka þeir mig, er þeir kenna þá lærdóma, sem eru manna setningar einar.

Jóh. 8.42-47 ...Þér eigið Hasatan (djöfulinn) að föður og viljið gjöra það, sem faðir yðar gírnist. Hann var manndrápari frá upphafi (frá Genesis) og aldrei í sannleikanum, því í honum finnst enginn sannleikur...

## Skjámynd:

**Galatabréfið 4.26-27** En Jerúsalem, (sem í hæðum er,) **er frjáls**, og hún er **móðir vor allra**, því að ritað er: Ver glöð, óbyrja, sem ekkert barn hefur átt! Hrópa og kalla hátt, þú sem ekki hefur jóðsjúk orðið! Því að börn hinnar yfirgefnu eru fleiri en hinnar, sem er í uppáhaldi (manninn á.)

Jóh. 3.6-7 Það sem af holdinu fæðist, er hold, en það sem af andanum fæðist, er andi. Undrast eigi, að ég segi við þig: Yður ber að fæðast að nýju (að ofan).

Jóh. 8.31-32 Þá sagði Yeshua við Gyðingana, sem tekið höfðu trú á hann: "Ef þér eruð stöðugir í orði mínu, eruð þér sannir lærisveinar mínir og munuð þekkja sannleikann, og sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa."

Sálmur 119.142 Réttlæti þitt er eilíft réttlæti og lögmál þitt trúfesti.

## Skjámynd:

**Galatabréfið 4.28-29** En þér, bræður, eruð fyrirheits börn **eins og Ísak**. En eins og sá, sem fæddur var á náttúrlegan hátt (í gegnum holdið), ofsótti forðum bann, sem fæddur var á undursamlegan hátt (í gegnum andann), svo er það og nú.

1. Mós. 17.19 Og Elóhím mælti: "Vissulega skal Sara kona þín fæða þér son, og þú skalt nefna hann Ísak, og ég mun gjöra sáttmála við hann sem ævinlegan sáttmála fyrir niðja hans eftir hann."

Opinb. 12.17 ...Þá reiddist drekinn konunni og fór burt til þess að heyja stríð við aðra afkomendur hennar, þá er varðveita boð Elóhíms og hafa vitnisburð Yeshua.

Esekíel 36.27 Og ég mun leggja yður anda minn í brjóst og koma því til vegar, að þér hlýðið boðorðum mínum og varðveitið setninga mína og breytið eftir þeim.

Andi



Ritað lögmál Móse

Klerkalögmál

Hold



Húmanismalögmál



Munnlegt lögmál rabbína



**Framhald í næsta þætti...**

**Taktu frá þriðju kvöld í júní 2010 (14. 15. og 16. júní)**

Avi ben Mordechai kemur til Íslands í júní 2010  
og verður með nokkra spennandi fyrirlestra.

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar um þetta einstaka tækifæri  
til að hlusta á stórkostlega fræðslu um hebreskar rætur trúarinnar,  
eða tryggja þér sæti á fyrirlestrunum  
hafðu þá samband við Sigrúnu í síma 824 8848  
eða með því að senda tölvupóst á [torah@internet.is](mailto:torah@internet.is)